

*Samþykkt í velferðarráði Reykjavíkurborgar 19. október 2005 og í borgarráði 24. nóvember 2005.
Með breytingum samþykktum í velferðarráði 9. ágúst 2006 og í borgarráði 17. ágúst 2006*

Reglur um akstursþjónustu eldri borgara í Reykjavík

I. Kafli

Almennt um akstursþjónustu

1. gr.

Markmið

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er að gera eldri borgurum í Reykjavík kleift að búa lengur heima.

Reglur þessar eru settar með vísan til ákvæða X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

Forsendur fyrir umsókn

Akstursþjónusta eldri borgara er fyrir þá íbúa Reykjavíkur sem eru 67 ára eða eldri, búa sjálfstætt og eru ófærir um að nota almenningsamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki.

Með langvarandi hreyfihömlun er átt við að lágmarki 3ja mánaða hreyfihömlun þar sem talið er að þá sé liðinn það langur tími að ætla megi að kostnaður vegna ferða hafi áhrif á fjárhag viðkomandi.

Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða, s.s. vegna beinbrota og hnjáliðaskiptaðgerða. Í tilvikum þar sem einstaklingar hafa eingöngu lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, eru félagslega einangraðir og hafa lítið fjölskyldunet er heimilt að veita akstursþjónustu þó um skemmri en 3ja mánaða hreyfihömlun sé að ræða.

Hafi aðili sem orðinn er 67 ára fengið þjónustu á grundvelli reglna um Ferðaþjónustu fatlaðra fyrir þann aldur á hann rétt á þeirri þjónustu áfram á meðan þörf krefur.

Þeir sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum.

3. gr.

Gjald, fjöldi ferða og þjónustusvæði

Gjald fyrir hverja ferð skal miðast við almennt staðgreiðslugjald hjá Strætó b.s. nú kr. 250.¹ Þjónustusvæði er höfuðborgarsvæðið. Hámarksfjöldi ferða er 30 ferðir á mánuði.

¹ 1) Hækkun í samræmi við gjaldskrá Strætó bs. sem tók gildi 1. janúar 2006.

II. kafli

Umsóknir og ferðatilhögun

4. gr.

Afgreiðsla og mat umsókna

Umsókn um akstursþjónustu eldri borgara skal berast til þjónustumiðstöðvar í því hverfi þar sem umsækjandi býr. Skal umsóknin metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér almenningssamgöngur og/eða aðra ferðamöguleika.

Umsóknir eru metnar tímabundið í mislangan tíma í senn eftir aðstæðum umsækjanda, þó aldrei lengur en til eins árs í senn.

Þegar umsækjandi hefur fengið samþykka umsókn getur hann snúið sér beint til rekstraraðila.

5. gr.

Ferðatilhögun

Ferðir eru farnar á virkum dögum á milli kl. 9.00 og 17.00. Í ákveðnum tilvikum s.s. vegna læknisheimsókna eða annarrar þjónustu sem ekki er í boði milli tilgreindra tímamarka skal bjóða þjónustu fram til kl. 19:00 á kvöldin.

Panta verður ferð fyrir kl. 14.00 daginn áður. Afþöntun ferðar skal vera með sem mestum fyrirvara helst deginum áður en í undantekningartilvikum 3 klst. fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

Farþegar skulu leitast við að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita farþega aðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn. Ekki er beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir farþega.

Akstursþjónusta eldri borgara er sérhæfð þjónusta og þurfa farþegar því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun.

6. gr.

Aðrir farþegar/aðstoðarmenn

Farþegum er heimilt að hafa með sér annan farþega/aðstoðarmann sé það tekið fram þegar pantað er enda greiði farþegi/aðstoðarmaður sama gjald og umsækjandi. Geti farþegi ekki ferðast einsamall getur akstursþjónustan krafist aðstoðarmanns með honum. Þá greiðir aðstoðarmaðurinn ekki gjald fyrir ferðina.

III. Kafli **Ýmislegt**

7. gr.

Akstur í dagvist fyrir aldraða

Um akstur í dagvist fyrir aldraða fer samkvæmt 13.gr. laga 125/1999 um málefni aldraðra og reglugerð nr. 45/1990 um dagvist aldraðra er kveður á um skyldu rekstraraðila til að annast um og bera kostnað af flutningsþjónustu fyrir þá sem dagvistina sækja, til og frá heimili sínu.

8. gr.

Akstur fyrir aldraða til og frá hjúkrunarheimilum

Reglur þessar gilda ekki um akstursþjónustu fyrir aldraða sem eru á stofnunum s.s. hjúkrunarheimilum og þurfa að leita þjónustu utan stofnunarinnar, s.s. sérfræðilæknishjálpar, rannsókn- og sjúkraþjálfunar. Í samræmi við 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 ber slíkum stofnunum að tryggja vistmönnum sínum akstur á kostnað stofnunarinnar til og frá þeim stað sem þjónusta er veitt.

9. gr.

Samráð og úttekt

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar mun halda samráðsfundi með Félagi eldri borgara tvisvar sinnum á ári þar sem m.a. er farið yfir tölfræðilegar upplýsingar og framkvæmd þjónustunnar. Árlega mun Velferðarsvið Reykjavíkurborgar gera úttekt á framkvæmd reglnanna.

IV. kafli

Málsmeðferð

sbr. ákvæði XVI og XVII. kafla
laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

10.gr.

Könnun á aðstæðum

Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist.

11. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga er unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

12. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim

Óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

13. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Eftirlit og mat á þjónustunni fer skv. 7. gr. þjónustusamnings Velferðarsviðs og Þjónustu- og rekstrarsviðs dags. 22. júní 2005.

Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til viðkomandi þjónustumiðstöðvar.

14. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að velferðarráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun velferðarráðs er kynnt umsækjanda skriflega og um leið er honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

15. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

16.gr.

Gildistaka

Reglur þessar taki gildi 1.janúar 2006.